

Austurbrú ses. – 10. stjórnarfundur
haldinn kl. 11, föstudag 5. október 2012
að Miðvangi 2-4, Egilsstöðum

Mættir: Valdimar O. Hermannsson (VOH), Anna Dóra Helgadóttir (ADH), Sverrir Mar Albertsson (SMA), Stefán Bogi Sveinsson (SBS), Rögnvaldur Ólafsson (RÓ) og Þórunn Eymundardóttir (ÞE). Sigrún Blöndal og Arnbjörg Sveinsdóttir boðuðu forföll og Skúli Björn var í fríi erlendis.

Dagskrá: Viðtöl við umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra.

Formaður setti fund kl: 11.

1. **Kl. 11:10 - Símafundur með Hagvangi:** Fulltrúar stjórnar Austurbrúar áttu símafund með Rannveigu J. Haraldsdóttur hjá Hagvangi þar sem farið var yfir niðurstöður úr Hogan – stjórnendaprófum sem báðir viðmælendur höfðu tekið og niðurstöður lágu fyrir. Farið var yfir útkomu hvors fyrir sig og þær síðan bornar saman. Um vísbendingar er að ræða sem hafa þarf í huga í viðtölum og báðir aðilar fá spurningar út frá Hogan prófi.
2. **Kl. 12:30 - Fyrri umsóknarviðtalið:** Til viðtals var mættur KSG og fór VOH fyrst yfir spurningar af blaði frá Hagvangi en síðan spurðu stjórnarmenn ýmissa spurninga. Að lokum spurði KSG nokkurra spurninga er varða Austurbrú og var þeim öllum svarað.
3. **Kl. 14:00 – Seinna umsóknarviðtalið:** Til viðtals var mættur SS og fór VOH fyrst yfir spurningar af blaði frá Hagvangi en síðan spurðu stjórnarmenn ýmissa spurninga. Að lokum urðu umræður um forsendur umsóknar og upplýst um annað er málið varðaði.
4. **Kl. 15:30 – Endurmat og næstu skref:** Farið var yfir bæði viðtölin en ADH hafði skráð niður svör beggja inn á spurningablað Hagvangs. Aðrir höfðu tekið minnispunkta. Voru aðilar sammála um að KSG hefði komið betur út úr viðtölum þó svo að báðir aðilar uppfylltu væntingar um nýjan framkvæmdastjóra en væru þó mjög ólíkir. Var niðurstaða stjórnar að leita eftir formlegum meðmælum með KSG og fara í viðræður við hann um ráðningu en láta aðra bíða á meðan. Framkvæmdaráði falið að leiða málið áfram og bera síðan niðurstöðu viðræðna undir stjórn til staðfestingar.
5. **Fundur framkvæmdaráðs:** Ákveðið var að VOH myndi upplýsa Hagvang um stöðu og framkvæmdaráð myndi funda næst mánudaginn 8. okt. kl. 11 vegna framhalds.

Fundi slitið kl 16.

Valdimar O. Hermannsson ritaði fundargerð

Stefán Bogi Sveinsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Þórunn Eymundardóttir